

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2020

Efni: Umsögn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til 2030

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er þróunarsetur framhaldsfræðslunnar á Íslandi og umsýsluaðili Fræðslusjóðs sem niðurgreiðir leiðir framhaldsfræðslunnar, námsleiðir, raunfærnimat og ráðgjöf um nám og störf. Markhópur framhaldsfræðslunnar er fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi og fær þannig annað tækifæri til náms. Framhaldsfræðslan, fimmta grunnstoð menntakerfisins, er eitt öflugasta úrræði sem atvinnulífið og menntakerfið hefur til að bregðast við áskorunum fjórðu iðnbyltingarinnar. Sýnt hefur verið fram á að störf markhóps framhaldsfræðslunnar verða fyrir mestum áhrifum vegna örra breytinga í atvinnulífinu sbr. 12. lið greinargerðar með tillögunni.

1. Miðlun þekkingar er sannarlega mikilvægt starf og margir sem koma að því. Öll störf hafa tilgang og því eru öll störf mikilvæg í sjálfu sér á einhvern hátt. Mætti umorða setninguna á bls 1 í 6. línu og segja heldur að kennarastarfið sé mikilvægt vegna þess að það byggi grunninn að hæfni til starfa.
2. Minnst er á í lok inngangs (bls. 1) að menntastefna sé veigamikill hluti í þróun hæfnistefnu Íslands. Það þarf að koma skýrar fram í C-lið hvernig tenging þeirra er og vísa í samstarf stefnumótandi aðila í því samhengi sem og aðila atvinnulífsins. Nám fer víða fram og hafa fræðimenn sett fram þá kenningu að 85% af því sem fólk lærir fari fram utan formlegs skólakerfis (European Union, 2018¹).
3. Hugtakanotkun er enn aðeins á reiki. Talað er um skólastofnanir og menntastofnanir. Orðið menntastofnanir nær til fleiri aðila sem veita námstengda þjónustu og því meira viðeigandi að nota það. Hentugara væri einnig að nota orðið fræðsluaðilar í stað fræðslustofnana til að ná utan um fjölbreytta starfsemi fræðslu og mennta. Orðið "framúrskarandi" er í sjálfu sér ógagnsætt án samanburðar við eitthvað annað. Mætti heldur segja "öflugt og sveigjanlegt" menntakerfi og þar með lýsa þáttum sem geta gert íslenskt menntakerfi framúrskarandi. Einnig má nefna að á bls. 4 stendur ".....finni færni sinni og hæfni farveg....." en víða annars staðar eru orðin færni og hæfni notuð sem samheiti.

¹ <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=9130&furtherNews=yes>

4. Raunfærnimati eru gerð ágæt skil í tillögunni, enda einn öflugasti hvati til náms á vettvangi framhaldsfræðslunnar og víðar. Taka þarf fram að raunfærnimat eigi ekki aðeins við um að meta hæfni umsækjenda inn í nám heldur fyrst og fremst til styttingar á námi.
5. Talan 22% sem sett er fram um stærð markhóps framhaldsfræðslunnar 2018 er aðeins misvísandi þar sem mikill munur er á milli landssvæða. Til dæmis eru aðeins, samkvæmt tölum Hagstofunnar, þrjú landssvæði undir 30% og eitt landssvæði telur 44% af fólki á vinnumarkaði í markhópnum. Jafnframt mætti taka fram að heildarfjöldi þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi er enn mun meiri en í okkar nágrannalöndum (tölur frá OECD). Það hefur áhrif á samkeppnishæfni bæði landsins í heild og einstaklinga sem teljast til markhópsins.

Með virðingu og vinsemd,

f.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)



Sveinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri FA